

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 3. TBL.

5. SEPTEMBER 2008

Námskeiðahaldið - síðasta vetur og framundan

Námskeiðahald fyrir kennara er í undirbúningi og verður kynnt kennurum með námskeiðshandbók sem kemur út síðar í mánuðinum. Námskeiðin sjálf verða í október og nóvember á haustönn.

Uppgjöri á námskeiðum síðasta vetrar er lokið og skýrsla um námskeiðin hefur verið send menntamálaráðuneyti. Þátttökuskjöl fyrir námskeið síðasta vetur hafa verið gerð og er þeim dreift til kennara í gegnum skólana. Skilyrði fyrir að fá þátttökuskjal er að námskeið hefði verið a.m.k. 4 klst. og þátttaka hvers kennara 75-80% kennslutímans. Alls var tæplega 400

þátttökuskjöllum dreift til skólanna fyrir stuttu. Ef einhverjir sakna þess að hafa ekki fengið þátttökuskjal skal hafa samband við vigfus@hafnarfjordur.is.

Varðandi námskeiðin sem eru framundan verður sá háttur hafður á að hafa sem mest af námskeiðum fyrir kennara á

mánudögum kl. 15-16.30/17. Það mun þó valda því að einhver námskeið skarast og kennarar verða að velja milli námskeiða. Allar tilkynningar um þátttöku eru jafnframt skráning en verði námskeið yfirfull fá kennarar tilkynningu um slíkt sérstaklega.



Myndin er frá námskeiði í Hraunvallaskóla.

Stóra upplestrarkeppnin á nýrri vefslóð

Í síðasta tölublaði **Skólavefritsins** var kynnt að Stóra upplestrarkeppnin myndi opna nýja vefslóð. Hann er hýstur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Í vikunni var nýi vefurinn

opnaður og var það gert á skólastjórafundi hér á Skólaskrifstofunni síðastliðinn mánudag. Ingibjörg Einarsdóttir gerði það (sjá mynd) og einnig var viðstaddur Baldur Sigurðsson, prófessor í KHÍ og



stjórnarmaður í RÖDDUM sem heldur utan um verkefnið. Verkefnið verður með óbreyttu sniði í vetur í Hafnarfirði. Ingibjörg mun áfram stjórna verkefninu og kennurum verður boðið upp á námskeið til að undirbúa þátttöku sinna bekkja í verkefninu í vetur. Lokahátíð keppninar mun fara fram í Hafnarborg í vor.

Skólapróun



Norðurlöndin í bíó

Norðurlöndin í Bíó er sameiginlegt tungumálaátak fyrir skóla á öllum Norðurlöndunum. Markmiðið er að nemendur auki færni sína í Norðurlandamálum með hjálp kennsluefnis sem byggist á stuttmyndum.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum Sambands norrænu félaganna (FNF) í samstarfi við Norrænu upplýsingaskrifstofurnar. Verkefnið er m.a. styrkt af Norrænuráðherranefndinni og skandinavísku kvikmyndastofnununum þremur.

Kennsluefnið samanstendur af mynddiski með norrænum stuttmyndum og nýju kennsluefni eftir Jan Olav Bruvik hjá norska kennarasambandinu og sænska kvikmyndakennarann Evu Westergren. Í kennsluheftinu eru greinar um norrænan málskilning eftir Jens Cramer frá Norrænu stofnuninni í Árósum og Birgittu Lindgren og Torbjörgu Breivik við Tungumálaráð Svíþjóðar og Noregs.

Þemað í ár er *umburðarlyndi* og er ætlað 15-19 ára nemendum. Eldra efni, sem einnig hentar yngri nemendum, er *húmor* frá 2006 og *uppvöxtur* frá 2007.


Heimasíða verkefnisins er www.nordenibio.org.



Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 12. september 2008

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


- » Menntamálaráðuneytið var að senda út tilkynningu um framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 10. bekk vorið 2009 og áfram. Fyrirkomulag verður svipað og nú er í 4. og 7. bekk. Í því felst að undanþágur verða áfram heimilaðar, engir trúnaðarmenn verða líkt og nú er í 10. bekkjar samræmdum prófum og prófin eru ekki lengur lokapróf. Könnunarpróf í 10. bekk verða í ensku, stærðfræði og íslensku. Reglugerð um prófin er væntanleg.
- » Nýtt efni frá Námsgagnastofnun: **Kæra dagbók 2** kom nýlega út ásamt hljóðbók sem er hægt að hlaða niður af vef Námsgagnastofnunar ásamt vefefni til útprintunar. Þar er kennaraefni með hverjum kafla, bókarlaus verkefni og fleira gagnlegt. **Kæra dagbók 2** er framhald af bókinni **Kæra dagbók** sem út kom haustið 2007. Efnið er einkum miðað við nemendur á aldrinum 8-12 ára sem eru læsir á sínu móðurmáli og hafa áður farið í gegnum námsefnið **Kæra dagbók** eða hliðstætt efni.
- » Annað nýtt efni er **HREYFISTUND** er nýtt efni fyrir íþróttakennara sem nýtist einnig í bekkjarkennslu. Því er ætlað að stuðla að hreyfingu barna og verða þeim hvatning til að halda áfram að hreyfa sig reglulega á fullorðinsárum. Bent er á ýmsar æfingar sem almennir kennarar geta notað í skólaföstudögum og samkomusal skóla og jafnvel samþætt öðrum greinum. Efnið er í möppu.



Hvernig á að skipuleggja nám og kennslu?

Fræðiefni vikunnar er handbók frá bandarískum menntayfirvöldum til skóla og kennara og nefnist **Organizing Instruction and Study to Improve Student Learning**. Þetta er 63 síðna rit í pdf-skráarsniði og útprintanlegt á vefnum.

Handbókinni er ætlað að vera kennslufræðilegar leiðbeiningar til hjálpar kennurum og skólum að skipuleggja nám nemenda. Í handbókinni eru kynntar sjö reglur (recommendations) sem kennarar þurfa að hafa í huga við skipulag náms. Þótt



VEFSLÓÐ: <http://ies.ed.gov/ncee/wwc/pdf/practiceguides/20072004.pdf>

Vefur Stóru upplestrarkeppninnar

Vefur Stóru upplestrarkeppninnar er kominn í umsjá Hafnarfjarðarbæjar og var opnaður í vikunni (sjá bls. 1). Á vefnum sækja kennarar, skólar og skóla-skrifstofur þjónustu við framkvæmd keppninnar, s.s. aðgang að lesefni, viður-

kenningsarkjöllum, eyðublöðum, hjálparefni og fleiru. Einnig er þar að finna upplýsingar um netfang sem tekur við spurningum og miðlar upplýsingum um keppnina en það verður í höndum Mörtu Ricart á Bókasafni Hafnarfjarðar

Stóra upplestrarkeppnin

Leiðbeiningar og fræðsluefni | Keppnin í ár | Skipuleggjendur | Saga verkefnisins | Um keppnina

VEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is/upplestur>

Fræðiefnið

ekki sé um neinarnar byltingarkenndar hugmyndir að ræða fyrir kennara er sjaldan slæmt að rifja upp og minna sig á kennslufræðilegar reglur sem virka betur en aðrar. Dæmi er regla 3: *Blandaðu saman myndrænni framsetningu og munnlegri orðræðu*. Útlitun: Börn læra meira þegar þau geta beitt margs konar skynfærum við nám og orð ein og sér eru ekki látin duga í kennslu.

Allt í lagi að lesa og velta fyrir sér.

Vefhornið

(marta@hafnarfjordur.is).

Stóra upplestrarkeppnin hefur slitið barnskónum og sveitarfélög taka nú meiri ábyrgð á verkefninu en áður. Vefsíðan styður vel við skóla sem taka þátt í keppninni líkt og verið hefur.

